

Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn Atla Gíslasonar um tilskipanir Evrópusambandsins.

Tekið er fram í fyrirspurninni að einungis sé átt við tilskipanir Evrópusambandsins og er í svarinu tekið mið af því.

Um leið og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar liggur fyrir ber ríkjum skylda til að innleiða samþykktar tilskipanir, nema í þeim tilvikum þegar sérstakur innleiðingarfrestur er tilgreindur í ákvörðuninni sjálfri eða í tilskipuninni. Tölur í svari þessu gefa upplýsingar um tímamörk innleiðingar og aðgerðir þær sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur gripið til.

1. Hversu margar tilskipanir ESB bíða innleiðingar og upptöku í EES-samninginn?

Samkvæmt upplýsingum frá ESA bíða nú 40 tilskipanir innleiðingar af Íslands hálfu og hefur ESA því hafið afskipti af þeim. Þar að auki hafa fimm tilskipanir verið teknar upp í EES-samninginn með stjórnskipulegum fyrirvara en þar til honum hefur verið aflétt ber ríkjunum ekki skylda til innleiðingar.

Samkvæmt upplýsingum frá EFTA bíða nú u.þ.b. 30 gerðir (þar á meðal tilskipanir) upptöku í EES-samninginn á næsta fundi sameiginlegu EES-nefndarinnar. Að auki eru fjölmargar tilskipanir í vinnslu innan vinnunefnda EFTA.

2. Hvenær rann eða rennur út innleiðingarfrestur tilskipana skv. 1. tölul.?

Vísað er til töflu A varðandi tilskipanir sem komnar eru fram yfir tilsetta dagsetningu innleiðingar og töflu B varðandi tilskipanir sem teknar hafa verið upp í samninginn með stjórnskipulegum fyrirvara. Þær síðarnefndu bíða meðferðar Alþingis og innleiðingar í framhaldinu.

3. Hver hafa viðbrögð Eftirlitsstofnunar EFTA verið varðandi þær tilskipanir sem dregist hefur að innleiða umfram setta fresti?

Viðbrögð ESA fylgja fastmótuðu ferli eftir að innleiðingarfrestur er liðinn. Það ferli er þriðja:

- i. **Formleg tilkynning (letter of formal notice):** ESA óskar eftir skýringum frá EES/EFTA-ríki þegar um 6 mánuðir eru liðnir fram yfir frest til innleiðingar. Borist hafa formlegar tilkynningar vegna 20 tilskipana sem bíða innleiðingar.
- ii. **Rökstutt álit (reasoned opinion):** Ef svör við formlegri tilkynningu berast ekki eða þykja ekki fullnægjandi sendir ESA álit til viðkomandi ríkis, þar sem rökstutt er að töf á innleiðingu viðkomandi tilskipunar sé brot á EES-samningnum. Gefinn er frestur, yfirleitt tveir mánuðir, til að bregðast við. Borist hafa rökstudd álit vegna sex tilskipana sem bíða innleiðingar.
- iii. **Vísun til EFTA-dómstólsins (court referral):** Ef ríki fer ekki eftir fyrrgreindum tilmælum getur ESA ákveðið að skjóta málinu til EFTA-dómstólsins. Málsmeðferð tekur yfirleitt um eitt ár. Einni tilskipun sem bíður innleiðingar hefur verið vísað til dómstólsins.

4. Í hvaða tilvikum hefur framkvæmdastjórn ESB gert athugasemdir við drátt á innleiðingu og þá hverjar?

Meginreglan er sú að framkvæmdastjórn ESB gerir ekki formlegar athugasemdir við drátt á innleiðingu tilskipana af hálfu EES/EFTA-ríkjanna. Samkvæmt tveggja stoða kerfi EES-samningsins er slíkt í höndum ESA. Þó hefur í nokkrum tilvikum verið spurst fyrir um mál eða gerðar óformlegar athugasemdir við drátt á innleiðingu á fundum sameiginlegu EES-nefndarinnar. Framkvæmdastjórnin hefur einnig á stundum spurst fyrir um og gert athugasemdir við að langur tími líði frá því að ákvörðun er tekin í sameiginlegu EES-nefndinni og þar til sjórnskipulegum fyrirvara er aflétt svo ákvörðun megi ganga í gildi en samningurinn gerir ráð fyrir að slíkt sé gert innan sex mánaða. Slíkar athugasemdir og fyrirspurnir byggjast á ákvæðum EES-samningsins sem mæla fyrir um heimildir sem grípa má til í þeim tilvikum að ákvörðun gengur ekki í gildi og felast í því, að undangengnu ákveðnu ferli, að unnt er að stöðva framkvæmd EES-samningsins á þeim sviðum sem um er að ræða.

Tafla A. Tilskipanir sem ekki hafa verið innleiddar og viðbrögð ESA.

(Innleiðingarfrestur 22. júlí eða fyrr.)

Máls-númer	Númer tilskipunar	Heiti	Innleiðingarfrestur	Formleg tilkynning	Rökstutt álit	Visun til EFTA-dómstóls
59086	2003/55	Common rules for the internal market in natural gas (Second Directive)	1.6.2007			
61276	2004/8	Promotion of cogeneration based on usefull heat (Combined Heat and Power Directive)	1.10.2007			
63331	2004/101	ETS – Linking Directive	29.12.2007			
56406	2003/108	Waste electrical and electronic equipment – amendment	1.2.2006	19.12.2006	20.6.2007	
62057	2006/77	Maximum levels for organochlorine compounds in animal feed	28.4.2008			
60157	2005/68	Reinsurance (Directive 2005/68)	10.12.2007	16.7.2008		
62077	2006/15	Occupational exposure limit values – Commission Directive 2006/15/EC	1.9.2007	20.12.2007	11.6.2008	
62313	2006/128	Criteria of purity concerning sweeteners for use in foodstuffs	15.2.2008	21.5.2008		
62314	2006/129	Criteria on food additives other than colours and sweeteners	15.2.2008	21.5.2008		
64659	2007/54	Cosmetic products – TA	26.4.2008			
64658	2007/53	Cosmetic products – TA	19.6.2008			
64044	2007/27	Maximum levels of etoxazole, indixacarb, etc.	2.2.2008	16.4.2008		
64062	2007/42	Materials and articles made of regenerated cellulose film in contact with foodstuffs	2.2.2008	16.4.2008		
63754	2007/28	Maximum residue levels	8.12.2007	16.4.2008		
64370	2007/55	Maximum residue levels	19.3.2008	2.7.2008		
64371	2007/56	Maximum residue levels	15.3.2008	2.7.2008		
64372	2007/57	Maximum residue levels	19.3.2008	2.7.2008		
64048	2007/26	Dir 2007/26/EC amending Directive 2004/6/EC	2.2.2008	27.6.2008		
64060	2007/19	Plastic materials and articles intended to come into contact with food	1.4.2008	27.6.2008		
64825	2006/141	Include clothianidin and pethoxamid as active substances	7.6.2008			
64826	2007/62	Maximum residue levels for bifenzate, pethoxamid, pyrimethanil and rimsulfuron	7.6.2008			
64827	2007/73	Maximum residue levels	15.6.2008			

Máls-númer	Númer tilskipunar	Heiti	Innleiðingar-frestur	Formleg tilkynning	Rökstutt álit	Vísun til EFTA-dómstóls
63338	2006/82	Infant formulae and follow-on formulae; dietary foods for special medical purposes – accession Bulgaria and Romania	26.10.2007			
63354	2006/107	Foodstuffs – accession of Bulgaria and Romania	26.10.2007			
62059	2006/42	Machinery	29.6.2008			
59595	2004/26	Directive amending Directive 97/68 relating to measures against emission of pollutants from internal combustion engines in non-road mobile machinery	11.3.2006	14.3.2007	4.7.2007	20.2.2008
62082	2005/88	Noise emission in the environment by equipment for use outdoors	28.4.2007	20.12.2007		
62637	2006/17	Technical Requirements for Donation, Procurement and Testing of Human Tissues and Cells	7.7.2007	30.1.2008	16.7.2008	
62640	2006/86	Traceability , Notification of Adverse Reactions and Techn. Req. for coding etc. of Human Tissues and Cells	7.7.2007	30.1.2008	16.7.2008	
64038	2007/37	Approval of motor vehicles and their trailers	2.2.2008	11.6.2008		
64039	2007/34	Permissible sound level and the exhaust system of motor vehicles	6.7.2008			
64040	2007/35	Installation of lighting and light-signalling devices on motor vehicles	10.7.2008			
62622	2007/4	Methods for Quantative Analysis of Binary Textile Fibre Mixtures	2.2.2008	11.6.2008		
61287	2006/22	Social legislation relating to road transport	1.5.2008			
Tilskipanir innleiddar að hluta.						
60798	2005/56	Cross-border mergers of limited liability companies	15.12.2007			
58683	2004/109	Directive 2004/109/EC – on the harmonisation of transparency requirements	1.6.2007			
56064	2002/87	Financial Conglomerates Directive (2002/87)	1.8.2005			
57622	2004/39	Markets in financial instruments – Directive 2004/39/EC	1.8.2007			
55850	2002/96	Waste electrical and electronic equipment (WEEE) – Basic Act	1.2.2006	19.12.2006	20.6.2007	
63328	2003/87	ETS – Scheme for greenhouse gas emission allowance trading	29.12.2007			

Tafla B. Tilskipanir teknar upp í EES-samninginn með stjórnskipulegum fyrirvara.

Númer ákv.	Tilskipun	Upptaka	Frestur til afléttingar fyrirvara	Viðauki/Bókun
102/2007	32/2005	28.9.2007	28.3.2008	Annex 04 Energy
135/2007	33/2002	26.10.2007	26.4.2008	Annex 01 Veterinary and Phytosanitary Matters
137/2007	41/2004	26.10.2007	26.4.2008	Annex 01 Veterinary and Phytosanitary Matters
141/2007	66/2006	26.10.2007	26.4.2008	Annex 02 Technical Regulations, Standards, Testing and Certification
46/2008	61/2007	25.4.2008	25.10.2008	Annex 02 Technical Regulations, Standards, Testing and Certification